

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

# Ársskýrsla

## 2009 til 2010

tekin saman af sviðsstjórum

Björgvin E. Björgvinsson  
Pórunn Jóna Hauksdóttir  
Ægir Sigurðsson

## Efnisyfirlit

1.1	Inngangur.....	4
1.2	Tölulegar upplýsingar .....	4
1.3	Fundir, námskeið og fyrirlestrar .....	11
1.3.1	Stiklur í tímaröð .....	12
1.3.2	Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 .....	14

## Skólameistari

Örlygur Karlsson

## Aðstoðarskólameistari

Þórarinn Ingólfsson

## Áfangastjóri

Ása Nanna Mikkelsen

## Námsferilsstjóri

Ragnheiður Ísaksdóttir

## Sviðsstjórar

Björgvin E. Björgvinsson

Þórunn Jóna Hauksdóttir

Ægir Sigurðsson

Almennt bóknám

Tungumál

Starfsmenntir, listir og íþróttir

## Kennslustjórar

Árni Blandon

Vera Ósk Valgarðsdóttir

Þórunn Elva Bjarkadóttir

Hörður Ásgeirsson

Jón Özur Snorrason

Ólafur Bjarnason

Svanur Ingvarsson

Ægir Pétur Ellertsson

Íris Þórðardóttir

Ester Ýr Jónsdóttir

Listgreinar, hússtjórn og íþróttir

Erlend mál, önnur en enska

Samfélagsgreinar

Sérkennsla

Íslenska

Stærðfræði

Verknám

Enska

Starfsnám

Raugreinar

## Verkefnisstjórar/fagstjórar

Guðfinna Gunnarsdóttir

Elísabet Valtýsdóttir

Gísli Skúlason

Sverrir Geir Ingibjartsson

Fornám

Danska

Lífsleikni

Íþróttir

## Félagsmálafulltrúi

Guðfinna Gunnarsdóttir

## Fornvarnarfulltrúi

Íris Þórðardóttir

## Erlend samskipti

Lárus Ágúst Bragason

## Kennslustjóri á Litla-Hrauni

Ingi Stefán Ingason

## 1.1 Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir skólaárið 2009 til 2010. Ýmsar tölulegar upplýsingar koma fram, umfjöllun um innlend og erlend samskipti og helstu verkefni sviðsstjóra eru upptalin. Raktir eru helstu atburðir og fyrirlestrar og námskeið sem haldin hafa verið með kennurum skólans. Upplýsingar um áfanga sem kenndir voru, hvaða kennarar kenndu, nýjungar í kennsluháttum, námsmat og fleira eru fengnar frá kennslustjórum og einstökum kennurum. Ennfremur kemur fram reynsla kennara af ýmsum nýjungum og ýmsar ábendingar.

Á haustönn komu kennarar til starfa 19. ágúst og kennsla hófst mánudaginn 24. ágúst. Haustfrí var dagana 23. til 26. október. Síðasti kennsludagur haustannar var þriðjudagurinn 1. desember og brautskráning fór fram 18. desember. Fjöldi nemenda á haustönn var 1039 og 101 nemandi brautskráðist þar af 25 af almennri braut (AU).

Á vorönn hófst skólastarfið mánudaginn 4. janúar með kennarafundi og kennsla byrjaði fimmtudaginn 7. janúar. *Kátir dagar* voru 3. og 4. mars og *Flóafár* 5. mars. Kennslu lauk 30. apríl og útskrifað var föstudaginn 21. maí. Fjöldi nemenda á vorönn var 933 og brautskráðust alls 137 nemendur þar af 20 af almennri braut (AU).

## 1.2 Tölulegar upplýsingar

Þann 19. júní 2009 voru sendir út 1039 gíróseðlar vegna dagskóla haustannar. Greiddir gíróseðlar voru 1039. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 1039 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Engin kennsla var í meistaraskóla á önninni. Nýinnritaðir í dagskóla á haustönn voru 354.

Tafla 1. Aldursdreifing nýinnritaðra skólaárið 2009-10

Aldur	Fjöldi H'08	Fjöldi V'09
Yngri en 16 ára	87	7
16 ára (fæddir 1993)	220	12
17 ára (fæddir 1992)	15	3
Eldri en 17 ára	32	20
Samtals	354	42

Þann 8. desember 2009 voru sendir út gíróseðlar vegna dagskóla vorannar. Greiddir gíróseðlar voru 933. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 933 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Engin kennsla var í meistaraskóla á önninni. Nýinnritaðir í dagskóla á vorönn voru 42.


Í töflu 2 má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir haustið 2009

Tafla 2. Dreifing dagskólanemenda á brautir

Brautir	Nemenda-	Hlutfall af heild (%)	Karlar	Konur
	fjöldi			
AB	13	1,21%	9	4
AF	14	1,31%	10	4
AH	3	0,28%	0	3
AN2	4	0,37%	1	3
AN4	72	6,72%	33	39
AU	85	7,93%	43	42
FÉ	214	19,96%	87	127
GB	34	3,17%	34	0
GBM	19	1,77%	19	0
GR	27	2,52%	24	3
HE	30	2,80%	4	26
HÚ8	15	1,40%	15	0
HÚ9	3	0,28%	3	0
ÍP	38	3,54%	27	11
ÍP1	11	1,03%	8	3
LN1	24	2,24%	3	21
MB	46	4,29%	15	31
MG	3	0,28%	3	0
NÁ	180	16,79%	90	90
ÓTN	26	2,43%	14	12
SB	10	0,93%	5	5
SB1	20	1,87%	14	6
SJ	17	1,59%	1	16
SJ-brú	7	0,65%	0	7
SÖ9	1	0,09%	0	1
VH	59	5,50%	32	27
VI	1	0,09%	0	1
VSS	13	1,21%	3	10
Grunnskólanemar	83	7,74%	35	48
<b>Samtals *</b>	<b>1072</b>	<b>100%</b>	<b>532</b>	<b>540</b>


\* Ath. sumir nemendur eru skráðir á fleiri en eina braut

Á mynd 1 má sjá kynjaskipta dreifingu nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2009. Athygli vekur að konur eru orðnar jafnmargar og karlar á náttúrufræðibraut og karlar orðnir fleiri en konur á viðskipta- og hagfræðibraut.



Mynd 1: Dreifing nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2009


Mynd 2 sýnir að langflestir nemendur Fjölbautaskóla Suðurlands koma frá Selfossi. Alls koma um 92% nemenda af Suðurlandi, frá Þorlákshöfn í vestri og austur í Vík og er það hlutfall nánast óbreytt síðustu ár. Aðrir nemendur koma úr öðrum landshlutum. Skiptinemar voru 4 veturinn 2009-2010 og komu frá Bretlandi, Danmörku og Ítalíu.




Mynd 2: Búsetudreifing nemenda í dagskóla af Suðurlandi á haustönn 2009

Í mörgum áföngum er tekið tillit til mætingaeinkunnar í lokaeinkunn áfangans, t.d. í LKN106. Til að fá einkunnina 10 í skólasókn þarf nemandi að hafa mætingahlutfall 98,5-100%, en 1 fá þeir í einkunn sem eru með undir 89,5% mætingahlutfalli.

Myndir 3a og 3b sýna dreifingu skólasóknareinkunna veturinn 2009-10. Skólasóknareinkunnir nemenda eru svipaðar og undanfarin ár.




Mynd 3a: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2009-10 (fjöldi nemenda)




Mynd 3b: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2009-10 (hlutfall af heild)

Þegar gengi nemenda er skoðað er vert að athuga hvað nemendur ætla sér í byrjun annar og hver verður síðan reyndin. Mynd 4a sýnir fjölda eininga sem nemendur velja að hausti 2009 og 4b sýnir fjölda staðinna eininga að hausti 2009.



Mynd 4a: Fjöldi valinna eininga á haustönn 2009




Mynd 4b: Fjöldi staðinna eininga á haustönn 2009.

Á haustönn 2009 luku 77 einstaklingar 0 einingum en þar af höfðu 54 hætt á önninni. 23 nemendur þreyttu próf og luku engri einingu.


Á haustönn 2009 voru 1039 nemendur í skólanum og 512 þeirra eða 49,28% féllu í einum eða fleiri áföngum. Á haustönn 2008 var hlutfallið 54,47%. Á haustönn 2007 var hlutfallið 59,8% og á haustönn 2006 var hlutfallið 56,5%.

Mynd 5a sýnir í hversu mörgum áföngum nemendur falla. Langflestir nemendur sem falla, gera það einungis í einum áfanga. Fjöldi þeirra sem falla í þremur eða fleiri áföngum er lægra en undanfarin ár, um 18,9 %. Undanfarin ár hefur hlutfallið verið um 22%.






Mynd 5a: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2009-10.



Mynd 5b: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2009-10 (hlutfall af heildarfjölda nemenda)

Einkunnadreifing gefur vísbendingu um stöðu nemenda og hvernig kennarar nota einkunnaskalann. Á mynd 7 má sjá einkunnadreifinguna yfir veturinn. S stendur fyrir staðið, L fyrir lokið, Bið á við biðeinkunnir þar sem nemendur hafa ekki náð stafsetningarhluta íslenskuáfanganna 102, 103 eða 202. F stendur fyrir fallið. Dreifingin er mjög sambærileg einkunnadreifingu síðustu ára.



Mynd 6: Einkunnadreifing veturinn 2009-10 í dagskóla.

### 1.3 Fundir, námskeið og fyrirlestrar

Einn fundartími er fastur í töflu allra kennara. Sá tími er nýttur með fjölbreytilegum hætti. Á haustönn 2009 var hann, eins og undanfarin misseri, í lok kennslu alla föstudaga en um áramót var eyktaskipan breytt og fluttist hann þá fram á miðvikudaga milli 11:05 og 12:20. Innleiðing og aðlögun Olweusaráætlunarinnar auk vinnu við markmið í tengslum við ný framhaldsskólalög og sjálfsmat voru fyrirferðamestu þættir fundanna þetta skólaárið. Dagskrá fundanna er skipulögð af stjórnendum í upphafi hverrar annar og var hún, skólaárið 2009 til 2010, sem hér greinir.

#### Föstudagaról haust 2009

- 28.8. Aðalfundur Starfsmannafélagsins
- 4.9. Samráð í fögum
- 11.9. Innleiðing nýrra laga. Sölvi Sveinsson.
- 18.9. Sjálfsmatsvinna
- 25.9. Kennarafélagið
- 2.10. Kennarafundur
- 9.10. Samráð í fögum/Miðannarmat
- 16.10. Kennarafundur – Draumaskólinn/Markmið stúdentsbrauta
- 23.10. Haustfrí
- 30.10. Vinnufundur v/innleiðingar nýrrar námskrár
- 6.11. Vinnufundur – unnið að markmiðum brauta/greina
- 13.11. Kennarafundur/Samráð í fögum
- 20.11. Olweus-innleiðing
- 27.11. Kennarafundur/Samráð í fögum

#### Miðvikudagaról vor 2010

- 13.1. Olweus – Fundir í hópum
- 20.1. Innleiðing nýrra laga - Gísli Skúlason og Elísabet Valtýsdóttir.
- 27.1. Samráð í fögum
- 3.2. Sjálfsmat
- 10.2. Olweus
- 17.2. Kennarafundur
- 24.2. Kennarafélagið
- 3.3. Innleiðing nýrra laga
- 10.3. Olweus – Fundir í hópum
- 17.3. Valdagur
- 24.3. Kennarafundur
- 31.3. Páskafrí
- 7.4. Vinnufundur með samstarfsskólunum FSu, FS, og FVA í Keflavík. Markmiðin
- 14.4. Olweus – Fundir í hópum
- 21.4. Sjálfsmat
- 28.4. Kennarafundur/Samráð í fögum

### **1.3.1 Stíklur í tímaröð**

#### **Eftirlitsmenn í FSu**

Guðmundur Árni Sigurðsson og Sigurður Þór Steingrímsson störfuðu í vetur við eftirlit með að skólareglum væri fylgt, s.s. banni við notkun tóbaks á lóð skólans, að ekki væri gengið á útiskóm innanhúss og að bílum væri lagt löglega. Ráðning eftirlitsmannanna var í samstarfi við Vinnumálastofnun á Selfossi.

Á sjálfsmatsfundi í lok skólaárs var mat lagt á fullyrðinguna „eftirlitsmannakerfið skilar árangri“. Hægt var að gefa einkunnir á bilinu 1-6, en einkunnir féllu á bilinu 4-6 með meðaltal upp á 5.

#### **Raungreinakennarar í FSu**

Í september hittustu tuttugu raungreinakennarar úr níu framhaldsskólum í FSu. Þetta var hluti af vettvangsnámi kennaranna og hér unnu þeir að eigin rannsóknaráætlun. Vettvangsnámið er við Menntavísindasvið HÍ og umsjónarmaður þess er Ester Ýr Jónsdóttir, kennslustjóri raungreina.

#### **Nýjar námskrár og námsbrautir**

Í september kom Sölvi Sveinsson, verkefnisstjóri í menntamálaráðuneytinu, á kennarafund og fjallaði um innleiðingu 23. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, námsbrautarlýsingar. Sölvi skýrði frá vinnulagi og vinnu annarra framhaldsskóla við innleiðinguna og gaf góð ráð.

#### **Menntamálaráðherra heimsækir Litla-Hraun**

Í október heimsótti Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra ásamt embættismönnum ráðuneytisins og fulltrúum Fangelsismálastofnunar fangelsið á Litla-Hrauni. Þar kynntu skólalald Ingi S. Ingason kennslustjóri á Litla-Hrauni, Anna Fríða Bjarnadóttir, náms- og starfsráðgjafi og fangar.

#### **Vegleg bókaþjóf til bókasafnsins**

Í nóvember gaf Björn Júlíusson, búsettur á Selfossi, bókasafni FSu veglegt safn bóka. Margar gersemar er þar að finna um sögu, náttúrufræði og íslenskar bókmenntir og elstu bækurnar eru frá öndverðri 19. öld.

#### **Ný eyktaskipan**

Á vorönn var tekin upp ný eyktaskipan. Áður voru kennslustundir 80 mínútur, umsjónartímar 15 mínútur fyrir hádegismat á föstudegi og fundartími starfsfólks var 60 mínútur frá klukkan þrjú á föstudögum, eftir kennslu. Nú eru kennslustundir 75 mínútur og það sem skorið er af er bætt upp í dreifnámi/stoð sem er 30 mínútur eftir hádegismat fyrstu þrjá daga vikunnar. Umsjónartímar eru 30 mínútur eftir hádegismat á fimmtudögum og fundartími starfsfólks er 80 mínútur fyrir hádegismat á miðvikudögum. Efnt var til nafnasamkeppni þar sem dreifnám/stoð þótti ekki þjálft í munni en niðurstöður keppinnar eru ekki ljósar.

Á sjálfsmatsfundi í lok skólaárs var mat lagt á fullyrðingar varðandi nýju eyktaskipanina, hægt var að gefa einkunnir á bilinu 1-6. Fullyrðingin „nýja eyktaskipanin er góð“ fékk einkunnir á bilinu 2-5 með meðaltal upp á 4. Fullyrðingin „dreifnám/stoð nýtist

vel“ fékk einkunnir á bilinu 2-6 með meðaltal upp á 4,2. Fullyrðingin „fundarkassi á miðvikudögum nýtist vel“ fékk einkunnir á bilinu 3-6 með meðaltal upp á 4,5. Þá fékk fullyrðingin „umsjónartíminn nýtist vel“ einkunnir á bilinu 3-6 með meðaltal upp á 4,3. Ákveðið var að halda nýrri eyktaskipan næsta skólavetur.

### **Framlag foreldra til stefnumótunar**

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 fjallar 50. grein um foreldraráð. Til að styrkja og efla ráðin í starfi blésu menntamálaráðuneytið og Heimili og skóli til fjölmenns fundar, einn framsögumanna var Þórunn Jóna Hauksdóttir, sviðsstjóri. Hún fjallaði um framlag foreldra til stefnumótunar í lærdómssamfélagi og mikilvægi þess að allt nærsamfélagið taki þátt í þeirri endurskoðun námsframboðs sem boðuð er í 23. gr. laganna. Vitnaði hún m.a. til könnunar sem hún gerði meðal skólanefndar FSu, foreldraráðs FSu og formanna fræðslu- og grunnskólanefnda á Suðurlandi en þar kom fram vilji þessara aðila til að taka virkan þátt í stefnumótuninni.

### **Blindrabókasafnið kynnt**

Í febrúar kynnti Lena Dögg Dagbjartsdóttir þjónustu Blindrabókasafnsins á kennarafundi. Helsta þróun í gegnum árin á útlánum er vaxandi þjónusta við lesblinda, þess vegna þykir ástæða til að kynna upp á hvað bókasafnið hefur að bjóða í framhaldsskólum landsins.

### **Gettu betur**

Liði FSu í spurningakeppni framhaldsskólanna gekk vel í vetur og komst alla leið í undanúrslit. Liðið skipuðu Kári Úlfsson, Ólafur Ingvi Ólason og Stefán Hannesson.

### **Mottumars**

Í mars stóð yfir Þjóðaráttak gegn krabbameini (í körlum) á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Hvatti félagið karlmenn til að safna yfirvaraskeggi – mottu – og safna um leið áheimum til styrktar félaginu í baráttunni gegn krabbameini (í körlum). Skorað var á karlkyns kennara FSu að safna mottu, tóku þeir því vel og söfnuðu áheimum um leið.

### **Músíktílaunir**

Í mars komst hljómsveitin The assassin of a beautiful brunette í úrslit Músíktílauna en hljómsveitina skipa nemendur skólans, þeir Alexander Freyr Olgeirsson, Daníel Haukur Arnarsson, Fannar Freyr Magnússon, Sigurgeir Skafti Flosason og Skúli Gíslason. Hljómsveitin lenti í þriðja sæti en var valin Hljómsveit fólksins í símakosningu og Skúli var valinn besti trommuleikari keppinnar.

### **Nemar í FSu**

Í mars voru þroskaþjálfanemarnir Gunnar Sigfús Jónsson og Sigurlaug K. Unnsteinsdóttir í læri í FSu. Þeir kynntu sér og tóku þátt í starfi starfsbrautarinnar.

### **FSu á Vor í Árborg**

Í maí sýndu nemendur í textíláfanganum Hönnun og hugmyndavinna afrakstur vinnu sinnar á Vori í Árborg. Þema sýningarinnar var nútímakjólur í sextís fíling og hönnuðu nemendur litla kjóla, fylgihluti og litakort í anda kjólatískunnar á 7. áratug 20. aldar. Sýningin fór fram í versluninni Hósíló í „sænska húsinu“ en hún þótti ríma vel við söluvöru verslunarinnar sem eru gamlir kjólur sem ganga í endurnýjun lífdaga með nýjum eigendum.

### **Nemendur á Vísindadögum Landbúnaðarháskólans**

Í maí fóru nemendur skólans, þeir Magnús Borgar Friðriksson, Sigmar Atli Guðmundsson, Telma Dís Sigurðardóttir og Valtýr Freyr Hlynsson á Vísindadaga Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar voru þau í hópi u.þ.b. 20 nema úr öðrum framhaldsskólum að kynna sér starfsemi vísindamanna hjá LbhÍ, ORF Líftækni og Veiðimálastofnun.

### **Kennarar í kynnisferð til Póllands**

Laugardaginn 22. maí hélt um 60 manna hópur kennara FSu og maka þeirra í náms- og kynnisferð til Póllands. Í Varsjá voru tveir skólar heimsóttir, Czacki-framhaldsskólinn og Gimnazjum 36 grunnskólinn. Einnig var pólska kennarasambandið í Varsjá heimsótt. Þriðjudaginn 25. maí var haldið til Kraków þar sem til stóð að heimsækja verknámsskóla en þar var því miður ekki hægt að taka á móti hópnum vegna flóða í ánni Vislu. Hluti hópsins fór í kynnisferð í Auschwitz-fangabúðirnar og frægar saltnámur í Wieliczka í nágrenni Kraków. Heim var haldið laugardaginn 29. maí og er það samdóma álit að ferðin hafi tekist í alla staði vel undir leiðsögn Þorleifs Friðrikssonar hjá Söguferðum.

### **Skólinn í okkar höndum**

Í samræmi við ákvörðun stjórnenda Fjölbautaskóla Suðurlands frá skólaárinu 2008-2009 var ákveðið að innleiða Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli í skólanum. Þetta er frumkvöðlavinna þar sem FSu er fyrsti framhaldsskóli landsins til að taka áætlunina upp. Við aðlögunarferlið var ákveðið að kalla verkefnið Skólinn í okkar höndum og einbeita sér að skólabrag og að allir tækju þátt í verkefninu. Skýrslu um verkefnið má finna undir „aðrar skýrslur“.

### **1.3.2 Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008**

#### **23. gr. Námsbrautarlýsingar**

Í FSu var áfram unnið að innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla nr. 2/2008, sér í lagi 23. greinarinnar sem fjallar um námsbrautarlýsingar. Meginþungi vinnunnar fólst í setningu markmiða um þekkingu, leikni og hæfni í einstökum greinum og áföngum og skipta markmiðunum niður á þrep eftir kúnstarinnar reglum. Umsjón með þeirri vinnu í FSu var áfram í höndum Gísla Skúlasonar og Elísabetar Valtýsdóttur.

FSu er áfram í samstarfi við Fjölbautaskóla Suðurnesja (FS) og Fjölbautaskóla Vesturlands (FVA) og hittu stjórnendur skólanna þriggja stjórnendur Kvennaskólans og kynntu sér námsskipulag þeirra en sá menntaskóli hefur hrint í framkvæmd 23. grein laga nr. 92/2008. Í desember hittust kennarar FSu, FS og FVA í húsasmíði í húsnæði FSu til skrafs og ráðagerða um þrepaskiptingu náms en ákváðu einnig frekari samræmingu kennslu og

kennslugagna milli skólanna þriggja. Í febrúar hittust kennslu- og fagstjórar skólanna þriggja, þeir skiptu sér niður svo hver skóli hýsti ákveðnar námsgreinar. Í apríl fóru kennarar og stjórnendur FSu og FVA á Suðurnesin og hittu kollega sína í FS. Þar var smiðshöggið rekið á þrepaskiptingu markmiða allra námsgreina.

Við lagasetninguna var gert ráð fyrir að lögin tækju að fullu gildi í upphafi skólaárs 2011-2012 en vegna samdráttar í ríkisútgjöldum frestaði Alþingi gildistöku ýmissa ákvæða, þ.á.m. 23. greinarinnar, til upphafs skólaárs 2015-2016. Í FSu var ákveðið að stefna að gildistöku ákvæðisins í upphafi skólaárs 2012-2013. Þá var einnig ákveðið að næsta haustönn yrði notuð til að móta brautir og brautaframboð og að á vorönninni væri greinaframboð sett á brautirnar.

Á sjálfsmatsfundi í lok skólaárs var metin fullyrðingin „innleiðingu nýrrar námskrár miðar vel“. Hægt var að gefa einkunnir á bilinu 1-6 og dreifðust einkunnir á bilinu 2-5 þar sem meðaltal var 3,6.

### **32. gr. Innritun, réttur til náms**

Í 1. mgr. 32. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, sem fjallar um innritun og rétt til náms, segir: „Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.“ Þessi málsgrein er sambærileg 2. mgr. 32. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sem fjallar um lok grunnskóla, en þar segir: „Skólastjóri metur hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Heimilt er að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, enda uppfylli nemandi námskröfur grunnskóla í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár.“ Í samræmi við þetta var skólaárið 2009-2010 fjórða árið sem grunnskólanemum bauðst að koma í fullt nám í FSu um áramót, eftir 9½ árs nám í grunnskóla. Þá er liðinn jafn langur tími frá því markvisst var farið að bjóða þeim að taka einstaka áfanga í FSu, annaðhvort í staðnámi – þannig að nemendur á Selfossi koma í skólahúsnæði FSu eða í fjarnámi – þannig að nemendur utan FSu stunda námið í sinni heimabyggð í gegnum námsumhverfi Angel. Reglur um innritun nemenda á þessar námsleiðir voru samþykktar á síðasta skólaári. Sem fyrr hélt Þórunn Jóna Hauksdóttir sviðsstjóri utan um nám nemenda í einstökum áföngum og var hún í samstarfi við tengiliði grunnskólanna.

Vegna niðurskurðar á fjárheimildum til þessa málaflokks var nám grunnskólanema í einstökum áföngum í nokkru uppnámi, sérstaklega eftir áramót þar sem erfitt var að bjóða nemendum á Selfossi upp á staðnám. Ákvörðun um niðurskurð og áhyggjur vegna hans voru heyrinkunnar á fundi Skólustjórafélags Íslands um miðjan mars þar sem Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Örlygur Karlsson skólameistari FSu og Ólafur Áki bæjarstjóri Ölfuss fluttu ávörp. Þrátt fyrir þetta hefur verið ákveðið að halda áfram að bjóða grunnskólanemum að koma í FSu um áramót eftir 9½ ár í grunnskóla og að taka einstaka áfanga meðan þeir eru enn í grunnskóla.

Að ósk fræðslunefndar Árborgar tók Þórunn Jóna saman líðan, viðhorf og árangur þeirra nemenda sem undanfarin fjögur ár hafa komið í FSu um áramót og kynntu hún og skólameistari niðurstöðurnar á fundi nefndarinnar í maí. Útkomu um líðan og viðhorf má sjá í „Sjálfsmatskýrslu“.